Heilræði til þeirra sem eru að skrifa lokaritgerð á grunn- eða framhaldsstigi (en liðir 4-7 miðast við íslenska málfræði og almenn málvísindi)

1. Fyrsta skrefið er að kynna ykkur þær reglur sem gilda um lokaritgerðir á ykkar fræðasviði en þær eiga að vera á heimasíðu HÍ.

2. Næsta skref er að finna leiðbeinanda og velja viðfangsefni í samráði við hann. Hlutverk hans er m.a. að hjálpa ykkur að afmarka viðfangsefnið með rannsóknarspurningum og fylgjast með framvindu verksins. Hittið leiðbeinandann reglulega meðan þið eruð að skrifa ritgerðina, t.d. á 2 vikna fresti og á fyrirfram ákveðnum tíma ef hægt er.

3. Við val á ritgerðarefni eru möguleikarnir óþrjótandi vegna þess að ekkert viðfangsefni hefur verið kannað svo rækilega að ekki sé rúm fyrir nýja rannsókn. Þekkt efni er alltaf hægt að rannsaka á nýjan hátt eða út frá nýjum rannsóknarspurningum (sbr. allar BA-ritgerðirnar um þágufallssýki eða nýju þolmyndina). Svo má líka hugsa um þær námskeiðsritgerðir sem þið hafið gert og athuga hvort ekki sé hægt að stækka þær og endurbæta þannig að úr verði lokaritgerð.

4. Búið til efnisgrind fyrir ritgerðina eins fljótt og hægt er en hún á að sýna hvernig ritgerðin skiptist í kafla og undirkafla. Þið getið alltaf endurskoðað þessa skiptingu síðar ef þörf krefur. Algeng kaflaskipting er t.d. svona: 1. Inngangur, 2. Fræðilegur bakgrunnur, 3. Rannsóknin (lýsing á framkvæmdinni), 4. Niðurstöður rannsóknarinnar, 5. Umræður um niðurstöður og 6. Lokaorð.

5. Lokaritgerðir byggjast oft á sjálfstæðri rannsókn sem felur í sér einhvers konar könnun eða tilraun. Mikilvægt er að huga vandlega að aðferðafræðinni strax í upphafi því erfitt getur verið að laga galla við hana sem uppgötvast síðar. Þá er mjög æskilegt að gera forkönnun með fáum þátttakendum áður en aðalkönnunin er lögð fyrir til að að sjá hvort aðferðafræðin virkar eins og til er ætlast.

6. Þegar unnið er með náttúruleg gögn í lokaritgerðum, t.d. uppskriftir af eðlilegu tali barna, þarf að huga gaumgæfilega að því hvað gæti verið fræðilega áhugavert að kanna sérstaklega í gögnunum. Þess vegna er nauðsynlegt að kynna sér mjög vel það sem hefur verið skrifað um viðfangsefnið áður en farið er að vinna niðurstöður úr slíkum gögnum. Annars sitjið uppi með hrúgu af gögnum sem þið vitið ekkert hvað á að gera við.

7. Mikilvægt er að allar niðurstöður séu settar fram á skýran og aðgengilegan hátt. Þess vegna er það nánast sjálfgefið að nota töflur, súlurit eða skífurit til að sýna tölulegar niðurstöður. Notið textann sem kemur á eftir til að greina niðurstöðurnar nánar en ekki til að endursegja það sem má lesa beint úr töflunum, súluritunum eða skífuritunum. Þá er oft mjög hentugt að setja annars konar upplýsingar í töflu, t.d. alls kyns upptalningar sem fela í sér tvö eða fleiri atriði (t.d. nafnorð og beygingarflokk).

8. Vinnið jafnt og þétt að ritgerðinni eins og hún væri venjulegt námskeið með reglulegum heimaverkefnum. Þið getið meira að segja sett ritgerðina inn á stundaskrá til að halda ykkur við efnið. Reynslan sýnir að nemendur sem gera hlé á ritgerðaskrifum, jafnvel í stuttan tíma, eiga oft erfitt með að taka upp þráðinn aftur.

9. Munið eftir Ritveri HÍ en ráðgjafar ritversins geta hjálpað ykkur með öll þau atriði sem ekki krefjast sérþekkingar á ykkar fræðasviði. Þið getið líka komið í ritverið til að tala um ritgerðina við einhvern sem er góður að hlusta og spyrja spurninga.

10. Ef til eru mjög margar heimildir um viðfangsefni ykkar er gott að velja nokkrar lykilheimildir og lesa þær vel og vandlega. Það hjálpar ykkur við það að lesa allar hinar heimildirnar sem þið þurfið að kynna ykkur. Til að finna heimildir er líklega einfaldast að nota Google Scholar sem er sérhæfð leitarsíða fyrir ritrýnt fræðiefni.

11. Byrjið að skrifa texta ritgerðarinnar eins fljótt og hægt er. Það auðveldar ykkur að sjá hvar þið standið gagnvart viðfangsefninu og hvað þið þurfið að kynna ykkur betur eða hugsa meira um. Þið þurfið örugglega að endurskrifa textann síðar en það gerir ekkert til því endurskrif eru nauðsynlegur hluti af fræðilegum skrifum.

12. Hafið ekki áhyggjur af ritvinnslu, sniðmáti, frágangi heimildaskrár og öðrum tæknilegum atriðum sem skipta litlu máli fyrir gæði ritgerðarinnar. Þið getið fengið aðstoð við tæknileg atriði í Ritveri HÍ og netið er líka fullt af síðum sem geta hjálpað ykkur, t.d. íslenski APA-vefurinn (https://skrif.hi.is/ritver/) og leiðbeiningarsíðan um ritun á háskólastigi (ritun.hi.is).